





Ford

brimberg

5 ár 80.000 km

SMELLTU

GLÆNÝR FJÓRHJÓLADRIFINN

FORD EXPLORER

RAFMAGNSJEPPI


KOMINN Í SÝNINGARSALINN!

Aðsendar greinar

varnarmál alþjóðamál

Ísland og alþjóðleg kjarnorkuafvopnun

Melkorka Mjöll Kristinsdóttir skrifar grein í tilefni af NATO ráðstefnunnar sem fer fram í Reykjavík í lok október.



Melkorka Mjöll Kristinsdóttir

15. október 2018

Ísland mun hýsa afvopnunnarráðstefnu NATO í lok mánaðarins. Þar verður kjarnorku-afvopnun ofarlega á blaði, þrátt fyrir að NATO hafi gagnrýnt harðlega nýlegan alþjóð-
legan samning um bann við kjarnorkuvopnum (2017). Taka ætti gagnrýninni sem
tekið er til að öðlast betri skilning á sjónarmiðum þeirra sem hafa efasemdir um
samninginn og til að bæta samninginn til framtíðar. Sumt af þeirri gagnrýni sem fram
hefur komið er þó byggð á misskilningi sem rétt er að leiðrétta. Í eftirfarandi grein
mun ég fjalla um innihald samningsins, nefna nokkrar af þeim gagnrýnisröðum sem
komið hafa fram og leitast við að svara gagnrýninni.

Um hvað snýst samningur Sameinuðu þjóðanna um bann við kjarnorkuvopnum?

Samningurinn um bann við kjarnorkuvopnum frá árinu 2017 er liður í þeirri viðleitni
ríkja, Rauða krossins og hundruða frjálsra félagsamtaka um allan heim, að semja um
kjarnorkuafvopnun, eins og Alþjóðadómstóllinn í Haag fyrirskipaði árið 1996. Samn-
ingurinn miðar að því að koma þjóðum heims út úr kalda stríðs hugsunarhætti, þar
sem vopnakaþhlaup kemur í veg fyrir afvopnun og traust. Þá skuldbinda aðildarríki
samningsins sig til að veita neyðaraðstoð til fórnarlamba kjarnorkusprengja komi til
notkunar. Samningurinn er sögulegur áfangi í baráttunni fyrir kjarnorkuafvopnun þó
hann sé ekki hafinn yfir gagnrýni frekar en aðrir samningar.

Þæmi um gagnrýni sem byggð er á misskilningi:

1. NATO: Bann við kjarnorkuvopnum er óraunhæft í núverandi öryggis-umhverfi

AUGLÝSING

Öllum er ljóst að útrýming kjarnorkuvopna er erfitt og flókið langtíma verkefni sem
mun óhjákvæmilega standa frammi fyrir ýmis konar öryggiskreppum af mismunandi
stærðargráðum. Enginn hefur talað fyrir því að öryggisumhverfið á hverjum tíma verði
ekki tekið með inn í reikninginn.

Hið erfiða öryggisumhverfi hefur hringt viðvörunarþjóllum hjá flestum þjóðum, sem
hafa brugðist við með því að hvetja til frekari afvopnunar með alþjóðlegu átaki. Árið
2017 skrifuðu meira en hundrað og tuttugu þjóðir undir samning um bann við kjarn-
orkuvopnum. Á sama tíma leggja tiltekin kjarnorkuríki og hernaðarbandalög á borð
við NATO áherslu á mikilvægi kjarnorkuvopna til að tryggja eigið öryggi. Slík orð-
ræða er til þess fallin að skapa vantraust og hvetja ríki sem eiga ekki kjarnorkuvopn til
að koma sér upp kjarnorkuvopnum. Aukin útbreiðsla gerir öryggisumhverfið sífellt
erfiðara. Með öðrum orðum er öryggisstefna NATO ákveðin þversteða og hluti af því
erfiða öryggisumhverfi sem við er að eiga.

2. Kenning sjötta áratugarins: Fælingarmáttur kjarnorkuvopna tryggir öryggi

Fælingarmáttur refsinga er vel þekktur. Á sama tíma er ljóst að refsingar koma ekki í
veg fyrir alla glæpi. Kenning sjötta áratugarins um fælingarmátt kjarnorkuvopna er í
stórum dráttum sú að allir viti að notkun geti leitt til gagnkvæmrar geryðingar. Þessi
vitund geri það að verkum að engin þjóð muni taka fyrsta skrefið. Þannig viðhaldi
kjarnorkuvopn ógnarjafnvægi í heiminum. Þeir sem trúa á eilífan mátt fælingar benda
gjarnan á að þriðja heimstyrjöldin hefur ekki brotist út og að það sé vegna tilvistar
kjarnorkuvopna. Hvað sem líður mögulegum fælingarmætti kjarnorkuvopna á tímum
kalda stríðsins, er löngu tímabært að endurskoða forsendur kenningarinnar og hvort
hún standist í breyttum heimi.

Í fyrsta lagi hefur orðið stefnubreyting hjá einstakra kjarnorku ríkjum frá áherslu á að
minnka vægi kjarnorkuvopna og útrýmingu þeirra, eins og samningurinn um bann
við útbreiðslu kjarnorkuvopna (1968) kveður á um, yfir í áætlanir um þróun minni og
skilvirkari kjarnorkuvopn. Hugmyndin er að slík vopn megi nota til að bregðast við
kjarnorkuögn, en einnig annars konar ögnum eins og til að mynda tölvuárásur. Með
öðrum orðum er verið að leggja drög að því að kjarnorkuvopn verði raunhæfari kostur
um leið og þröskuldurinn fyrir notkun er lækkaður.

Í öðru lagi byggir sú von sem bundin er við ógnarjafnvægi á þeirri trú að pólitískir leið-
togar muni alltaf stjórna af heilbrigðri skynsemi. Benda verður á að fælingarmáttur
kjarnorkuvopna er ekki náttúruleg mál heldur pólitískur. Þá byggir kenningin á heims-
mynd kalda stríðsins, þegar ríki höfðu nær einokun á beitingu skipulegs ofbeldis gagn-
vart öðrum ríkjum. Núverandi heimsmynd er mun flóknari. Til að mynda er vítað að
nokkrir hryðjuverka hópar hafa hug á að komast yfir kjarnorkuvopn. Ekki er víst að
fæling virki með sama hætti á þá sem telja sig vera að þjóna æðri tilgangi og stefna á
uppskeru hinum megin grafar. Þeim geti staðið á sama um afleiðingar gagnarársar, þar
sem þeir samsama sig ekki endilega sínu heimaríki. Þá eru kjarnorkuslys algerlega
ónæm fyrir fælingu. Slíkar ógnir kalla sem aldrei fyrr á að hætt verði að hvetja til
útbreiðslu kjarnorkuvopna og að þeim vopnum sem til eru verði eytt.

3. Einstaka kjarnorkuríki: Tilgangslaust er að skrifa undir bann á meðan kjarnorkuríkin standa utan við samninginn

Nítján ríki hafa fullgilt samninginn. Samningurinn mun taka gildi þegar 50 ríki hafa
fullgilt hann. Samningurinn verður aðeins lagalega bindandi fyrir ríki sem eiga aðild
að honum. Ekkert kjarnorkuvopna ríki hefur skrifað undir samninginn. Þess vegna
telja sumir að það sé tilgangslaust fyrir Ísland að skrifa undir. Staðreyndin er sú að
margir alþjóðlegir samningar hafa verið gerðir við þessar aðstæður og síðar öðlast
alþjóðlega viðurkenningu. Alþjóðlegir samningar skapa ný viðmið, sem hafa á end-
anum jákvæð áhrif á hegðun ríkja, bæði þeirra sem eiga aðild að þeim en einnig ríkja
sem kjósa að standa fyrir utan. Auk þess er bann til þess fallið að þvælast fyrir fram-
leiðendum slíkra vopna og gera flutning þeirra erfiðari, svo fátt eitt sé nefnt.

Samningurinn um bann við notkun jarðsprengna er dæmi um samning sem byrjaði að
frumkvæði ríkja sem áttu engar jarðsprengjur. Með tímanum varð samningurinn
almennur. Það sama var uppi á teningnum þegar klasasprengjur og líf- og efnavopn
voru bönnuð. Kjarnorkuvopn eru einu geryðingarvopnin sem hafa ekki enn verið
bönnuð með beinum hætti, þrátt fyrir að eyðileggjandi máttur þeirra sé meiri en allra
annarra vopna.

4. NATO: Samningurinn um bann stuðlar að sundrunu meðal ríkja, í stað þeirrar einingar sem fyrir var

Kjarnorkuafvopnun er gríðarstórt verkefni sem eðli málsins samkvæmt krefst marg-
vislegra aðgerða. Þess vegna hafa ýmis konar samningar og skref verið stigin til að
skapa aðstæður fyrir afvopnun. Samningurinn um bann við kjarnorkuvopnum (2017)
er liður í þessu sameiginlega átaki. Kjarnorkuríkin hafa tekið þátt í þessu verkefni með
því að fækka kjarnorkuvopnum sínum mjög frá tíma kalda stríðsins.

Samningurinn um bann við útbreiðslu kjarnorkuvopna frá árinu 1968 (NPT), sem flest
ríki eiga aðild að, kveður í stórum dráttum á um að þau ríki sem eiga ekki kjarnorku-
vopn, skuldbinda sig til að koma sér ekki upp slíkum vopnum. Sú skuldbinding er gerð
í trausti þess að kjarnorkuvopna ríkin, sem einnig skrifuðu undir samninginn, standi
við þá skuldbindingu sína að útrýma sínum kjarnorkuvopnum. 27 árum eftir lok kalda
stríðsins hafa kjarnorkuvopna ríkin ekki enn útrýmt kjarnorkuvopnum sínum og
kjarnorkuvopn hafa breiðast út til fleiri ríkja. Þá hafa einstaka kjarnorkuvopna ríki
boðað aukioð vægi vopnanna á komandi árum.

Flestum ríkjum heims er því orðið ljóst að nauðsynlegt sé að bregðast við þróuninni
svo ekki komi til kjarnorku kapphlaups og frekar útbreiðslu með öfyrirsjáanlegum
afleiðingum fyrir öll ríki, einnig núverandi kjarnorkuvopna ríki. Þannig er samningur-
inn um bann við kjarnorkuvopnum svar við sundrun og öflug tilraun til að brúa bil-
ið, ekki ástæða sundrunar. Því miður sáu kjarnorkuríkin sér ekki fært að taka þátt í
gerð samningsins og setja þannig mark sitt á hann. Sú staðreynd ætti ekki að koma í
veg fyrir að framlagi kjarnorkuríkja í formi gagnrýni á samninginn sé tekið með
opnum örmum og sem tækifæri til að bæta samninginn og auka öryggi allra til fram-
tíðar.

5. NATO: Samningurinn grefur undan samningnum um bann við útbreiðslu kjarnorkuvopna

Samningurinn um bann við útbreiðslu kjarnorkuvopna (NPT) takmarkar ekki á
nokkurn hátt frekari viðleitni í sömu átt. Þvert á móti krefst samningurinn frekari
ráðstafana. Samningurinn um bann við kjarnorkuvopnum (2017) er ein af þeim ráð-
stöfunum sem gerðar hafa verið til að styrkja NPT samninginn.

Samningurinn um bann leysir ekkert ríki frá öðrum skuldbindingum sem miða að því
að draga úr hættu vegna kjarnorkuvopna, sem nauðsynlegt er að gera tímabundið, á
meðan kjarnorkuvopnum hefur ekki verið útrýmt.

6. Einstaka kjarnorkuríki: Mannúðarsjónarmið hafa afvegaleitt umræðu-una

Áhugi hryðjuverkahópa á kjarnorkuvopnum, sú stefna einstaka ríkja að þróa skilvirk-
ari kjarnorkuvopn og óstöðugt öryggisumhverfi í heiminum gerir það að verkum að
við þurfum að fara að hugsa út í afleiðingar þess að kjarnorkuvopn verði notuð og
hvort við séum í raun tilbún til að stýðja að svarað verði í sömu mynt.

Samningurinn um bann við kjarnorkuvopnum byggir á því að afleiðingar kjarnorku-
sprengja á fólk séu svo skelfilegar að það sé algjörlega óásættanlegt að hætta sé á að
þau verði notuð á ný. Vert er að minnast afleiðinga þeirra tilförlulega litlu sprengja sem
var varpað á Hiroshima og Nagasaki. Enn fæðast börn í Japan með skemmd gen 73
árum eftir atburðina. Tiltekin kjarnorku ríki hafa ályktað að allt tal um afleiðingar
kjarnorkusprengja á fólk sé tilraun til að afvegaleiða umræðuna. Slíkar ályktanir sýna
að ekki eru öll ríki tilbún til að horfast í augu við allar hlíðar málsins og að þau óttast
að varpað sé ljósi á hvað felst í stefnu þeirra. Almenn umræða um afleiðingar kjarn-
orkusprengja getur sett mikilvægan þyrsting á ríki og að lokum neytt þau til að upp-
fylla þær skyldur sem þau sjálf hafa undirgengist.

*Hljáfundur er með þá próf í heimspeki og lífgræði og skrifar nú meistararitgerði um mögu-
leikann á að norðurskaunni verði kjarnorkuvopnalaust svæði.*

Við þurfum á þínu framlagi að halda

Þú getur tekið beinan þátt í að halda úti öflugum fjölmiðli.

Við sem vinnum á ritstjórn Kjarnans viljum hvetja þig til að vera með okkur í vinnu og leggja okkara gjöfa fjölmiðli til mánaðarlegri framlag svo við getum haldið áfram að vinna fyrir lesendur, fyrir fólkíð í landinu.

Kjarninn varð nú ára í sumar. Þegar hann hóf að taka við frjálsum framlögum þú varð slagorðið „Frjáls fjölmiðill fyrir andvirðið kaffibolla“ til og lesendur voru hvattir til að leggja fram í það minnsta upphæð eins kaffibolla á mánuði.


Mikið vatn hefur runnið til sjávar á þeim nú árum sem Kjarninn hefur lifað. Í huga okkar á Kjarnanum hefur þörfin fyrir fjölmiðla sem veita raunverulegt aðhald og taka hlutverk sitt alvarlega aukist til muna.

Við trúum því að Kjarninn skipti máli fyrir samfélagið.

Við trúum því að sjálfstæð og vönduð blaðamennska skipti máli.

Ef þú trúir því sama þá endilega hugsaðu hvort Kjarninn er ekki allavega nokkurra kaffibolla virði á mánuði.

Vertu með okkur í líði. Þitt framlag skiptir máli.



Ritsjóra Kjarnans: Sunna Ósk Logadóttir, Þórhur Snær Júlíusson, Erla María Markúsdóttir, Arnar Þór Ingólfsson, Eyrun Magnúsdóttir og Grétar Þór Sigurðsson.

Já takk, ég vil styrkja Kjarnann!

Þaðslan birtist fyrst: 15. október 2018, kl. 16:00

Orðafjöldi: 1564

Stýrkja

Deila

Post

AUGLÝSING

Kjarninn



Þorbjörn Guðmundsson

Er íslenska velferðarkerfið ekki lengur gríðarstaður þeirra sem minnst hafa?

Kjarninn • 11. janúar 2023



Takk fyrir og sjáumst á nýjum miðli á föstudag

Bréf frá ritstjóra Kjarnans vegna sameiningar við Stundina og þess að nýr framsækinn fréttamiðill verður til í lok viku.

Kjarninn • 10. janúar 2023



Sverrir Albertsson

Vatn á myllu kölska


Kjarninn • 11. janúar 2023



Þerjast fyrir þorpi á barmi hengiflugs

Litið þorpi í Rínlaröndum þískalands er allt komið í eigu kolaria. Fyrirtækið áttar sér að mylja niður húsin og stakka kolanámu sína sem þegar þekur um 80 ferkílómetra. Þetta þýkir mörgum skjóta skókkur við í heimi sem berst við loftslagsbreytingar.


Kjarninn • 10. janúar 2023



Útvarp Saga telur fjölmiðlastyrki skapa tortryggni og bjóða upp á frændhygli

Fjöður fjölmiðlaflirtækí hafa til þessa skilað inn umsögnum um frumvarp Lilju Alfreðsdóttur menningar- og viðskiptaráðherra, sem mun að óbreyttu framlengja núverandi styrkjakerfi til fjölmiðla.


Kjarninn • 10. janúar 2023



Viðræðum sliðið og Efling undirbýr verkfallsaðgerðir

Samtök atvinnulífsins hafa hafnað gæðriboði Eflingar um skammtíma kjarasamning, sem kvæð á um meiri launabækkunir en Sá hefur samþykkt við aðra höfuð á áminnum vinnumarkaði til þessa. Efling undirbýr nú verkfallsaðgerðir.


Kjarninn • 10. janúar 2023



Fánabann og refsiaðgerðir í Palestínu í kjölfar niðurstöðu Sameinuðu þjóðanna

Deigi eftir að ný ríkisstjórn tók við völdum í Ísraeli samþykkti allsherjarþing Sp að fela Alþjóðadómstólinum í Haag að meta lögmæti hernáms Ísraelsríkis á Vesturbakkanum. Síðan þá hefur stjórinn gripið til refsiaðgerða og nú síðast fánabanns.

Kjarninn • 10. janúar 2023



Vilja sjuga sand af hafsbotni í stórum stíl og flytja út

Eftirspurn eftir íslenskum jarðeðnum er gríðarleg el marka má framkomu álfrönn erlendrar stöðryrkja um nýjstu þeirra. Vinsælur íbúarnir í Þorlákshöfn álfrönn mjög miklar.

Kjarninn • 10. janúar 2023

FLEIRI FÆRSLUR

Morgunpósturinn Ekki missa af einu Nánar

tölvupóstfangið þitt


Senda

Meira úr sama flokki Aðsendar greinar Allar greinar




Þorbjörn Guðmundsson

Er íslenska velferðarkerfið ekki lengur gríðarstaður þeirra sem minnst hafa?



Sverrir Albertsson

Vatn á myllu kölska



Þorbjörn Guðmundsson

Þerjast fyrir þorpi á barmi hengiflugs

Meira handa þér frá Kjarnanum

Viðbending

Vikur um viðskipti, efnahagsmál og nýsköpun handa þér.

Vertu með

Styrktu sjálfstæðna íslenskan fjölmiðli með mánaðarlegu framlagi.

Morgunpósturinn

Morgunpósturinn er fyrir alla sem hafa áhuga á fréttum og þjóðfélagsmálum. Pósturinn berst alla morgni.

Newsletters

Get the latest on Icelandic politics, business and economics in your inbox.

KJARNINN

Um Kjarnann
Greinasafn
Nýgötu
Skilmálar og veftráskur

SAMFÉLAGSMÍDLAR

Facebook
Twitter
Instagram
Soundcloud

MORGUNPÓSTURINN

tölvupóstfangið þitt

Skra mig.

Altur réttur áskilningur © Kjarninn miðlar ehf. 2015